

5. töl. 1. árg.  
29. nóv. 2012

# HRING IÐAN

LIST | MENNING | DÆGURMÁL



Ókeypis eintak

SIÐAN 1935  
 ★ Ísafjörðarbíó ★  
 Elsta samfellt starfandi bíó á Íslandi

DD DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjörðarbíó skemmtun.is

**Framsýnd um allt land**  
**HÁSPENNUMYND Í BÍÓ**

ALEX CROSS  
 Bónnuð innan 10

**Föstudag 30. Nóv kl 8.**  
**Laugardag 1. Des kl 8.**



**ÚRVALSMYND Í BÍÓ**  
**Framsýnd um allt land**

★★★★★  
 "THIS IS BRUTAL, BRILLIANT FILM-MAKING"  
 "PITT IS AT THE TOP OF HIS GAME HERE"  
 "IMMENSELY GRIPPING" ★★★★★  
 "A CLASSIC"

BRAD PITT  
 RICHARD JENKINS JAMES GANDOLFINI RAY LIOTTA

**KILLING THEM SOFTLY**

**FLOTT MYND MEÐ ÞRUSULEIKURUM**

**Sunnudag 2. Des kl 8**  
**Mánudag 3. Des kl 8**



**HOTEL TRANSYLVANIA**  
 SÝND M/ ENSKU TALI OG ÍSL. TEXTA

METAFÓSKN Í USA

MÍÐAVERÐ 900 KR. BÖNNUÐ INNAN 7 ÁRA

Velkomin á Hótel Transylvaníu, fimm stjörnu lúxushótel í eigu Drakúla.

**Laugardag 1. Des kl 4.**  
**Sunnudag 2. Des kl 4.**

## Ari Eldjárn tryllti lýðinn

Húsfyllir var á jólahlaðborði sem Húsið efndi til í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. Kynnir og aðal skemmtikraftur kvöldsins var Ari Eldjárn sem tilheyrir Mið Ísland hópnunum og sló hann rækilega í gegn að sögn viðstaddra. Eftir borðhald var slegið upp dansleik með Sálinni Hans Jóns Míns fram eftir nóttu. Mun hljómsveitin hafa verið upp á sitt besta þetta kvöldið. Meðfylgjandi myndir voru teknar á jólahlaðborðinu.



**TEDDI**  
 TÝNDI LANDGÖNNUDORINNA  
 ÍSL. ENNSK. TALI

**Laugardag 1. Des kl 2.**  
**Sunnudag 2. Des kl 2.**  
 Sýnd í 2D (venjuleg)  
 Míðaverð 900 kr

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Silfurgötu 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4560. **Ritstjórn:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is). **Umsjónarmaður efnis:** Agnes Ósk Marzellíusardóttir, sími 849 9460, netfang: [agnesoskmarz@gmail.com](mailto:agnesoskmarz@gmail.com). **Ljósmyndarar:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is), Sigurjón J. Sigurðsson og fleiri. **Auglýsingar:** Halldór Sveinbjörnsson. **Prentun:** Litróf hf. **Dreifing:** Íslandsþóstur. Blaðinu er dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum.



# Húsið - fréttir

Húsið - Gistiheimilið Koddinn - Ísafjörður - Sími: 456 5555

## Þriggja rétta tilboð Hússins

Súpa dagsins

Fiskur, kótelettur eða nautasteik

Kaka í eftirrétt

Verð 4.500,-

Víking jólaöl fylgir ókeypis með

## Úrval af kökum og belgískum vöfflum

Verð 590,-

Fimmtudag, föstudag og laugardag:

Fiskur dagsins

Verð 1.900,-

Víking jólaöl fylgir ókeypis með

## Stórdansleikur

### laugardagskvöldið 1. des.

Björgvin Halldórsson í Íþróttahúsinu Torfnesi

ásamt Matta Matt, Friðriki Ómari og stórhljómsveit

Veislustjóri Ómar Ragnarsson

Húsið opnar 23:30 fyrir ballgesti

(Örfáir miðar eftir á jólahlaðborðið)

Miðasala í Húsinu og við innganginn

## Framundan á næstunni:

8. des.

Útgáfutónleikar Skúla mennska og hljómsveitar í Húsinu

26. des. Annar í jólum. Jólball Hússins í dalnum

Vinir Sjonna í Félagsheimilinu Hnífsdal

## Lifandi tónlist öll fimmtudagskvöld fram að jólum

Í kvöld:

### Gummi Hjalta

Föstudagskvöld kl 23:30

Það verður rokkað í Húsinu  
fram eftir nóttu.

### Matti Matt (papi)

og hljómsveit

Laugardagskvöld

Snillingurinn Gummi Hjalta  
með pöbbastemningu

## AÐVENTUTÓNLEIKAR

Örfáir miðar lausir

Björgvin Halldórsson,

Matti Matt, Friðrik Ómar o.fl.

í Félagsheimilinu Bolungarvík

2. des. Miðasala í Húsinu

í Félagsheimilinu Bolungarvík

Húsið opnar kl. 20:30



**flickr™**

**Nafn:**

Jón Grétar Magnússon

**Uppruni:**

Hóll í Önundarfirði

**Flickr-síða:**

[flickr.com/photos/jon\\_gretar/](https://www.flickr.com/photos/jon_gretar/)

**Afhverju ljósmyndun?**

Hún er bara svo skemmtileg!

**Fyrsta græjan?**

Kodak Disc 4000 sem ég fékk þegar ég var 11 eða 12 ára sem var mjög léleg en varð sem betur fer ekki til þess að áhuginn hvarf.

**Skemmtilegasta Kódak mómentið?**

Ég man ekki eftir neinu einstöku. En ég fór í sérstaklega minnisstæða ferð með vinnunni upp á Fimmvörðuháls þegar eldgosið var í Eyjafjallajökli í maí 2010 og náði þar mörgum skemmtilegum myndum.

**Hvað er í dótakassanum ?**

Ég er nýbúinn að selja allt Dslr dótið mitt og skipta yfir í



micro 4/3. Er með Panasonic GX1 og henni fylgdi einhver kitlinsa. Að auki er ég með 20 m f1.7 og Olympus M. Zuiko Digital ED 9-18mm 1:4-5.6. Virkilega skemmtilegt kit létt og meðfærilegt.

**Á hvern skorar þú?**

Ég skora á hann Grétar Þór Sæþórsson.



FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

# Hlæðu af þér hausinn um jólin



Eftir höfunda  
Fimbulfamb's



**SKRÍPÓ INNIHELDUR  
150 FRÁBÆRAR  
TEIKNINGAR EFTIR**

HUGLEIK DAGSSON,  
HALLDÓR BALDURSSON,  
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR  
OG SIGMÚND

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega myndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

**Í SKRÍPÓ eru jafnvel fáránlegustu myndatextarnir sprenglæglegir ...**

fæst í  
**Eymundsson**  
Bókasali frá 1872

  
FORLAGIÐ  
www.forlagid.is



# Syngja sig til Parísar

Krakkarnir í félagsmiðstöðinni Títón í Súðavík í samvinnu við gagnfræðideild Grunnskólans í Súðavík eru að gefa út geisla-disk. Ágóði sölunnar á disknum rennur í sjóð til styrktar ferðalagi þeirra til Parísar í vor. Eggert Nielson, gítarleikari með meiru fékk hugmyndina af disknum og vinnur nú dag og nótt við að leggja lokahönd á verkefnið. Krakkarnir í yngstu deild og upp úr syngja inn á diskinn ásamt kennurum. Á disknum er bæði frumsamið efni ásamt lögum sem tengjast þeirra starfi. Diskurinn verður til sölu í Víkurbúðinni, Súðavík.




## Átt þú rétt á lækkun skulda?

**Frestur til að sækja um sértæka skuldaaðlögun rennur út um næstu áramót**

- Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem skulda meira en 100% af markaðsvirði veðsettra fasteigna og bifreiða. Skuldaaðlögunin nær til allra skulda einstaklinga hjá Íbúðalánasjóði, bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum.
- Sértæk skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðuna og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.

Sótt er um sértæka skuldaaðlögun í viðskiptabanka umsækjanda.



## 7. nóvember 2012

Dagur í lífi Þórdísi Jónu Jakobsdóttur, hárgreiðslukonu

**05:25:** Vakna við dásamlegu vekjaraklukkuna og dríf mig fram úr við fyrsta hanagal. Skelli mér á vigtina, ýmist mér til gleði eða ógleði. Í dag er það hrein gleði. Tek vítamínin + 1/2 banana, skelli mér í æfingargallann og dríf mig í Stúdíó Dan.

**06:00:** Spinning tími þar sem ég leiðbeini dugnaðarforkum (mættu reyndar vera fleiri sem eru svona dugleg).

**06:45:** Dríf mig heim að skutla manninum í vinnu. Bruna aftur heim að vekja lýðinn og fá mér morgunmat, dúndur spinat/herbabúst. Skipti um æfingagalla og geri mig klára fyrir túrbótíma.

**08:00:** Aftur komin í stúdíóið og nú með túrbótíma. Hitti frábæran hóp af hressum gellum sem eru að taka vel á því með mér þrisvar sinnum í viku.

**08:45:** Aftur fer ég heim og skelli mér í sturtu, fæ mér Re-build strength shake og geri mig klára fyrir vinnu.

**10:00:** Mætt á minn frábæra

vinnustað, Heilsusetrið, þar sem bæjarbúar geta nært líkama og sál á frábæran hátt og komið endurnærðir út. Borða á hlaupum helst eitt-hvað hollt og gott svona jafnt og þétt yfir daginn. Ég er í vinnunni til 5-7. Þennan dag var ég heppin og var búin um 5.

**17:00:** Þá er að halda heim með viðkomu í Samkaup og kaupa það sem upp á vanti aði í kvöldmatinn.

**18:00:** Elda, taka til og græja. Skellti í klickað góðan og hollan kjúllarétt, sætar kartöflur og salat.

**19:00:** Matur. Geng frá effir mat og fæ mér te og hlunkast í sófann agnarögn.

**20:00:** Fréttir á plúsnum (guði sé lof fyrir plús annars sæi ég aldrei fréttir)

**20:30:** Yfirleitt skelli ég mér á fund í Súðavík en í kvöld er leiðindaveður svo ég fer á stelpu/prjónahitting í staðinn.

**23:00:** Komin heim og upp í rúm, les smá og ...

# Smurbrauð

Smurbrauðið okkar sívinsæla er í boði alla daga til jóla.

Hefðbundnar útfærslur í bland við nýjar tegundir.

Það er notalegt að setjast niður og njóta þess að fá sér uppáhalds sneiðina sína með fjölskyldunni, kunningjum eða vinnufélögum.

Meðal þess sem við bjóðum upp á í ár er:

## RIFJASTEIK MEÐ STÖKKRI PURU

Þessi hefur verið á toppi vinsældalistans öll árin.



## REYKT ÖND

Sú allra vinsælasta og margir standa á öndinni yfir henni....



## RAUÐSPRETTA

Sumir frá sér alltaf þessa...



Auk þessarar sneiða bjóðum við upp á **lifrakæfu, lúxusskinku** með ávaxtasalati, **grænmetisneið** og **sneið frá kokkinum**.

Fyrir þá sem vilja snögga þjónustu er gott að panta fyrirfram til að flýta fyrir.

Enn er laust á jólahlaðborðin okkar.

Við leggjum metnað okkar í að hafa heimalagaða rétti og að nýta sem mest úr hráefni úr heimabyggð. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytt úrval af forréttum og meðal nýrra rétta.

**VIÐ POLLINN**  
Veitingar á  
Hótel Ísafirði

Sími: 456-4111  
vidpollinn.is



# FAB-LAB

## Hvað er þetta?

Fab Lab (e. Fabrication Laboratory) er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Þannig gefur Fab Lab smiðjan ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á persónumiðaðri framleiðslu, stafrænum framleiðsluaðferðum í iðnaði og að efla nýsköpun á Íslandi. Fab Lab á Ísafirði er samstarfsverkefni margra aðila, þ.á.m. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Menntaskólans á Ísafirði, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar, Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, Vaxtarsamnings Vestfjarða og fleiri góðra stofnanna og einstaklinga. Þannig er Fab Lab smiðjan ætluð frumkvöðlum, nemendum, almenningi, fyrirtækjum og stofnunum og er búnaðurinn aðgengilegur öllum undir leiðsögn sérfræðinga Nýsköpunarmiðstöðvar og annarra.

## Hvar er það staðsett?

Fab Labið á Ísafirði er staðsett í Menntaskólanum á Ísafirði, undir heimavistinni en gengið er inn á hliðinni sem snýr að verkmenntahúsinu. Þar erum við búin að koma tækjunum fyrir í fjórum herbergjum, tveimur stórum og tveimur litlum. Stóri fræsarinn tekur heilt herbergi undir sig. Í hinu stóra herberginu erum við svo með tölvur og fleira skemmtilegt eins og þrívíddarprentarann. Í litlu herbergjunum er svo annars vegar aðstaða til að vinna allskonar smærri hluti, erum með lóðunartæki, límbyssu og fleira slíkt þar. Í hinu litla herberginu er hins vegar laserskurðarvél og litli fræsarinn ásamt aðstöðu til að vinna með gifs og sílikon til að búa til þrívíðform.

## Afhverju í FabLab?

Einfaldlega vegna þess að í Fab Lab er ekkert sem takmarkar þig nema ímyndunaraflið. Í Fab Lab er hægt að gera hvað eina sem þér dettur í hug. Allir eru velkomnir og það kostar ekkert að koma og nota tækin eða aðstöðuna, eina sem þarf að greiða er efniskostnaður eftir því sem við á.

## Hvað er að fréttu?

Það er nú þegar öllum velkomið að koma í heimsókn í Fab Labið en þessa dagana er verið að leggja lokahönd á húsnæðið og koma öllum tækjunum endanlega upp. Það verður opið hús hjá okkur í desember þar sem gestir og gangandi geta litið við og séð um hvað þetta snýst allt saman en auðvitað eru allir velkomnir að kíkja við hvenær sem er opið hjá okkur, en til að byrja með er opnunartíminn frá kl. 13-17 alla virka daga, en við erum þessa dagana að skoða hvernig sé hægt að hafa hann þannig að hentar sem best sem flestum.

## Það besta við FabLab


Það besta við FabLabíð er fjölbreytnin, takmarkaleysið og öll tækifærin sem það veitir. Við erum með ótal tæki og tól; þrívíddarprentara, vínyskera, lífinn þrívíddar fræsara og stóran fræsara, laserskurðarvél og rafeindasmiðju þar sem fólk getur setið og jafnvel dundað sér við að búa til sína eigin tölvu. Litla fræsarann má meðal annars nýta til að búa til rafrásir á PCB plötur og sömuleiðis má nota vínyskerann í að skera mjúkar rafrásir sem svo má nota til að búa til smartklæðnað, fyrir þá sem hafa áhuga á slíku.

## Skrífnasti hlutur sem gerður hefur verið?


Hingað til er skrífnasti hluturinn sem hefur verið gerður líklega græni þrívíddarfroskurinn en ég er alveg sannfærð um að það verður ekki lengi, enda fólk alltaf að koma með flottari og framúrstefnulegri hugmyndir á hverjum degi.

## Hvað er á döfinni?

Það sem er á döfinni hjá okkur núna er fyrst og fremst að koma öllu í gang og svo auðvitað erum við í að taka á móti fólki. Við erum líka búin að vera á fullu í að kynna Fab Labið og það sem hægt er að gera þar. Það er rétt að nota tækifærið og vekja athygli á að aðstaðan hérna er opin öllum. Það kostar ekkert að koma og nota tækin nema efniskostnaður og allir velkomnir. Sömuleiðis erum við að stilla af opnunartímann okkar, en við ætlum að reyna að vera með opið eitthvað lengur tvo daga í viku þannig að sem flestir geti kíkt til okkar og nýtt aðstöðuna.








# Þú finnur mikið úrval í jólapakkann hjá okkur í Hafnarbúðinni

SKÓR  
BOLIR  
ÚLPUR  
BUXUR  
PEYSUR  
SOKKAR  
NÆRFÖT

ÍÞRÓTTAVÖRUR  
SLEÐAR OG ÞOTUR  
VETTLINGAR OG HÚFUR  
SKÍÐAHJÁLMAR OG GLERAUGU

## Hafnarbúðin Ísafirði


Opið virka daga 9-18 og Laugardaga 11-14



## Heima að heiman



**Minn Tunguskógur — Mansfield Hollow:** Það er kannski svolítið skrítið að tala um skóginn sinn þegar maður býr eiginlega inni í skógi. Við búum reyndar í bæ en utan um bæinn er skógur og inni í skóginum er skólinn minn OG SKÓGURINN ER EKKI EINU SINNI FERKANTADUR! En inni í skóginum, mitt á milli bæjarins míns og skólans, er lítill þjóðgarður. Þar er mjög fínt að hlaupa þegar ekki er ógeðslega kalt eða heitt, og frábært að dúða sig upp og labba þegar það er kalt. Feisbúkkvinir okkar Jónasar munu ef-laust hafa tekið effir því að yfirgnæfandi meirihluti myndanna sem við póstum eru einmitt af hundinum okkar í göngutúr í Mansfield Hollow.



**Fjaran mín – Bluff Point:** Eftir að hafa alist upp við sjávarsíðuna og hafa búið á eyju meirihluta ævinnar, finnst mér gríðarlega undarlegt (og jafn-vel ónáttúrulegt) að búa svo langt inni í landi. Það eru vissulega stóðuvötn út um allt og mörg býsna stór, en það er samt ekki eins. Það er svolítið óhentugt, en þegar tími gefst þykir mér klukkufíma löng bílferð niður að Bluff Point vel þess virði. Þetta er örlítill, „ósnortinn“ blettur á strandlengjunni milli New York og Providence sem kemst býsna nálægt því að vera fjara eins og ég er vanur. Þetta er lítill stórgrýttur tangi sem maður getur gengið út og sest niður og horft út á Löngueyjarsundið. Grjótið er að vísu meira grábrúnt en blágrátt... og það má ekki nota bílskúrshurðarfjarstýringar á svæðinu... vegna þess að hinum megin við sunnið er tíðnin notuð í kjarn-orkukafbátaverksmiðju.



Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

## ... hvert liggur þín leið?

### Munið næstu námskeið

Nánari upplýsingar og skráning  
á [www.frmst.is](http://www.frmst.is) eða í síma 456 5025

Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Sudurgata 12, 400 Ísafjörður  
Sími: 456 5025  
Netfang: [frmst@frmst.is](mailto:frmst@frmst.is)  
Veffang: [frmst.is](http://frmst.is)

Gísli Rúnar Harðarson býr ásamt manninum sínum, Jónasi Maxwell Moody og hundinum Garpi Gíslasyni Moody í Willimantic í Connecticutfylki Bandaríkjanna. Gísli er á þriðja ári í doktorsnámi í fræðilegum málvísindum við Connecticutháskóla í Storrs og Jónas kennir við enskudeildina í UConn. Garpur gengur úr skugga um að enginn sé án hunds til að klappa og enginn matur sé óétinn.



**Langi Manginn minn/Edinborgarhúsið mitt – Willimantic Brewing Company/Cafémantic:** Það eru tveir staðir hér sem þjóna ólíkum hlutverkum ísfrsku staðanna. Ég bjó mitt á milli þeirra fyrsta árið mitt hérna úti og sótti þá mikið. Cafémantic er lítið kaffihús þar sem hægt er að fá gott kaffi, sem er ekki endilega á hverju strá og alls konar litlar samlokur og súpur. Þar eru haldnar ýmsar uppákomur, myndlistasýningar og tónleikar. Cafémantic er meira svona dagstaður. Willimantic Brewing Company er krá/veitingastaður sem bruggar eigin bjór og gerir það vel. Maturinn er svona eins og við er að búast á slíkum stað. Uppákomurnar á þeim bænum eru meira á borð við „komdu-með-eigin-ílát-sunnudagur“ eða „óvissubjórsmiðvikudagur“.

**Edinborg**  
Bistro - Cafe - Bar

## Desember skemmtidagskrá á Edinborg

Laugardaginn 1. des: Jólhlaðborð hlaðið kræsingum. Edda Björgvins skemmtir, Halli og Þórunn leika fyrir dansi, frítt inn á dansleikinn!

Föstudaginn 7. des: Bjórbingó og djamm

Laugardaginn 8. des: Jólhlaðborð hlaðið kræsingum. Edda Björgvins skemmtir, Halli og Þórunn leika fyrir dansi, frítt inn á dansleikinn!

Föstudaginn 14. des: Próflökadjamm. Dj-duettinn Heiðar Austmann og Rikki G dagskrárgerðarmenn á FM957 fagna próflökum og jólafríi

Laugardaginn 15. des: Dj „gamli geemli“

Föstudaginn 21. des: Bjórbingó og djamm

Laugardaginn 22. des: Kristó og krúttbomburnar, LIVE

26. des. (annar í jólum): opið 24-04

Föstudaginn 28. des: Bjórbingó og djamm. Gunna Sigga er bingóstjóri

Laugardaginn 29. des: Dj-Gló tryllir lýðinn með 80 sveiflu

GAMLÁRSKVELD 31. des: DJ-ar „Stórstjörnur“ nánar auglýst síðar

Erum auk þess komin með poolborð og dart

			Jón Steingr.	Einstigi Bjánar	R.vík	Vegur	Blær Drykkur	Tína úr Byli	↙	Árbók Lærði	↘	
			Meinið									
			Tala		Konungs-rikið Jarm							
			Bjána Kraftur						Lítill Röð			
Átt Agn		Græðgi Á fæti								Tala Beitir		
↙			↘		Umfram Poka				Fæði Sérhlj.			
Kliður								↗		↖		
Ísl.st. Ágjöf		Lummu Andlit							Latnesk skammst. Skessa Fjöldi			
↙			Sting Hríð			Veru Efni						
Lasta	↖ Limur				↗		Reiðihljóð Upphr. Ótukt			↘		
↙			Innyfli Virtur						Rómv. tölur	↘		
Veisla			Ás Hávaða									
Afsvar Rándýr	Harmur Festa Atorka									Ísl.st. Bæta		
↙							Fauti Sömu		↘	Kropp		
Tala Lækka Rassbaga		Bandvefur NHM				Goðsögnin Tvíhlj.						
↙												
Skelin					↖			↗	Aría			

# Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.				A			G	G			
	D	R	J	Ú	G	⇒	E	R	U	⇒	R
	R	Ó	A	Ð	I		I	I	S	M	Á
V	A	N	S	A		A	Ð	S	T	O	Ð
	M	A	K	R	Á	Ð	U	R		R	A
	B	R	A	N	D	A	R	U	G	G	A
	↓		F	O	R	N		G	A	U	L
G	E	I	R	T	E		Ó	L	U	N	D
E	R	L	A		P	A	R		M	V	I
	↓		M	A	U	R	A	R		E	N
A	F	L	A	R		F	R	Á	A	R	
	A	U		F	Í	B		S	U	K	K
E	L	N	A		S	E	F		G	I	L
E	L	D	U	R		R	E	G	L	N	A
	I	I		Æ	S	I	R		J		F
	⇒	N	Æ	S	T		L	J	Ó	M	A
S	K	A	R	A	Ó	L	I		S	Á	R

3				4				8
		8			5	9		
	6			3				1
	8							
5		2		7		6		4
								3
	7			5				2
		1	6			7		
6				8				5

	3							
			2			1		6
	6	9		1		8		
				5				7
		8	9		3	5		
	4			6				
		5		2		9	3	
4		7			1			
								4

*Sunnudagskaffi á aðventunni*  
2. desember frá kl: 12:00 til 18:00

*Handverksmarkaður*  
*Refasýningin*  
*Húsllestur*

*Lólamyndataka með Mikka*



**Ertu búin(n)  
að tryggja þér  
auglýsingapláss  
fyrir jólin?**


**Hafið samband við  
Halldór í sínum 456  
4560 eða 894 6125**

# Hvað er að gerast?

## Hringiðan mælir með...

### Björgvin Halldórsson og stórsveit

Björgvin Halldórsson skemmtir ásamt stórsveit á jólahlaðborði Hússins í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Á eftir munu þeir Hreimur Örn og Matti Matt skemmta fram eftir nóttu.



### Fimmtudagur 29. nóvember

22:30: Húsið: Gummi Hjaltta skemmtir.

### Föstudagur 30. nóvember

10:00: Hlíf: Húslestur í kjallaranum.

12:00: Háskólasetur Vestfjarða: Vísindaport.

21:00: AA húsið, Eyrargötu: AA fundur.

21:00: Kaffi Ísól: Drekktu betur.

21:00: Einarshúsið, Bolungarvík: Spilavist.

22:00: Edinborg Bistro: Björbingó.

23:30: Húsið: Matti Matt (Papi) ásamt hljómsveit.

### Laugardagur 1. desember

15:00: Silfurtorg: Jólatorsala Tónlistarskólans.

16:00: Silfurtorg: Ljósín tendruð á jólatré Ísfirðinga.

19:00: Edinborg Bistro: Jólahlaðborð.

Edda Björgvins skemmtir. Halli og Þórunn leika fyrir dansi fram eftir nóttu.

19:00: Torfnes: Jólahlaðborð Hússins, Ómar

Ragnarsson, Björgvin Halldórsson ásamt stórsveit.

23:30: Torfnes: Björgvin, Friðrik Ómar og Matti Matt sjá um að Ísfirðingar dansi af sér skóna.

### Sunnudagur 2. desember

15:00: Félagsbær Flateyri: Jólabasar.

20:00: Ísafjarðarkirkja: Aðventukvöld.

20:30: Félagsheimilið í Bolungarvík: Aðventutónleikar Hússins með Björgvini Halldórssyni, Friðriki Ómari, Matta Matt og fleirum.

### Mánudagur 3. desember

20:00: AA húsið, Eyrargötu: Alanon fundur.

20:00: Bræðraborg: Þrjónakvöld og kósý.

### Þriðjudagur 4. desember

19:30: Guðmundarbúð: Föndur slysavarnakvænna.

20:00: Ísafjarðarkirkja: Æskulýðsfundur.

20:00: Kaffi Ísól: Heiðingjahittingur Ásatrúarfélaga.

### Miðvikudagur 5. desember

10:30: Ísafjarðarkirkja: Foreldrasamvera

17:00: Ísafjarðarkirkja: Kirkjuskóli barnanna.

18:00: Ísafjarðarkirkja: 9-12 ára kirkjustarf.

20:00: Bræðraborg: Trivial og gleði.

21:00: Félagsheimilið í Súðavík: AA fundur.



# Mér finnst...

... gott að búa í Bolungarvík

Í Bolungarvíkinni er björgulegt lífið, þar bregðast ei veiðarnar árið um kring. Aflamet slegin viku eftir viku, ár eftir ár. Hvernig kemur Víkin mér fyrir sjónir? Þar er ráðhúsið, hvíta húsið, vatnsleikjagarður og jarðgöng. Ratsjástöð með stærsta fótbolta í heimi, mannvirkið sem kom í veg fyrir að Rússar réðust á okkur. Takk fyrir það!

Ósvörin, er þar himnaríki eða helvíti? Brimbrijóturinn hafid og vitinn, þorskurinn, steinbíturinn en loðnan er farin. Kvótinn og bátarnir eru og eru þeir því fastir. Eða hvað, verður þetta farið á morgun? Slay Masters og beitningakarlur, karlmenn með seltu í hári og slor á enninu. Hrolli Einars á fimmhundraðasta balanum. „Helvítis helvíti, Ísfirðingar eru fífl“. Steffý og Bjarnabúð, þar fæst allt og ef ekki þá kemur það á miðvikudaginn, pottþétt! Sundlaugin, vatnsleikjagarður, krakkar það er bannað að skríða upp rennuna! Notið stigann. Eina rennibrautin á norðanverðum kjálkanum.

Ekki má gleyma félagsheimilinu, Harpa Vestfjarða. Ísbjörn á safni hengdur án dóms og laga, hvað gerði hann af sér?



Þetta var bara vesæll ferðamaður, hefði hvort sem er farið eftir að hann hafði skoðað Ósvörina. Grunnskólinn og Sossa elskar alla og ég elska hana, skólinn fullur af kennurum og Láru sem halda að þau séu þau einu sem þekka agann og líklega er það rétt hjá þeim. Við Aggi verðugt verkefni, Ernir Steinn, doktorsverkefni. Á lendingastaðnum þótt stundum sé „ýfið“ og stormurinn æði um fjallanna hring er í jarðgöngunum alltaf logn. Er það hafið eða fjöllin sem að laða mig hér að? Eða er það fólkíð á þessum stað? Finnþógi Dagur Sigurðsson.


## Spurningakeppni

### Kennarar vs. nemendur

1. Hverjir voru á forsíðu síðustu Hringiðu? Svar: Helena Björk Prastardóttir og Gústi
2. Hvað heitir nýjasta skáld-saga Eiríks Arnar Norðdahl? Svar: Illska
3. Hverjir eru í nemendafélaginu Ægi (aeglir.uw.is)? Svar: Meistararnemar í haf- og strandvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða.
4. Hvað hét húsmæðraskólinn sem startaði á Ísafirði frá árinu 1912-1989? Svar: Húsmæðraskólinn Ósk
5. Hver hannar Tindabikkjuna í ár? Svar: Dagný Prastardóttir

### Hildur Halldórsdóttir, aðstoðarskólástjóri

1. Helena og Gústi
2. Illska
3. Grunnskólinn á Patreksfirði
4. Húsmæðraskólinn Ósk
5. Gunnar Jónsson



Rétt svör: 3

Ég skora á Tolla í næstu spurningakeppni.

### Stefán Friðbjarnarson, nemandi

1. Facebook hjónin
2. Sjáumst síðar
3. Flateyri
4. Ég veit það ekki
5. Stefán Óli

Rétt svör: 2

Ég skora á Smára Karvel frá Suðureyri til þess að taka þátt í næstu keppni.

# Þjónustuauglýsingar

Vottaðar lífrænar  
vörur úr íslenskum  
handtíndum jurtum



Öll almenn  
húsmíði

Bolungavík

456 7080 • 893 9362 • 690 1060

**RAFVERK EHF**

RAFVERKTAKI  
RAFMAGNSVERKSTÆÐI

Skólastíg 4 • Bolungarvík • S: 456 7373

VÖNDUM VALIÐ



VELJUM VESTFIRSKT

**Sophus Magnússon**

hópferðir - almenningsgöngur  
vöruflutningar - taxi

Skipagata 15 • 400 Ísafjörður  
Símar: 893 8355 • 456 4258  
Netfang: taxi@snerpa.is

*Fiskibúðin mín*

**Fiskibúð Sjávarfangs**

Sími 456 4400  
Sindragötu 11 - 400 Ísafirði



G

**Geirnaglinn ehf**

trésmíðaverkstæði  
Strandgötu 7b  
400 Ísafirði  
Sími: Þórhallur 848 2087  
Sími: Magnús 862 3122

Öll almenn trésmíði

**Bílasala**  
456 3800

**Bílaverkstæði**  
456 4580



Suðurgötu 9



Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf

Sindragötu 7 • 400 Ísafjörður  
rons@rons.is • www.rons.is  
Símar 456 6698 & 899 6698 • fax 456 6698

Dekurnudd  
Steinanudd  
Alnudd  
Partanudd  
Rafmagnsnudd  
Stólanudd

Láttu bílinn njóta sín með  
**HELIX**

sem er ein af allra bestu oljum  
á markaðnum í dag.

Olja sem þróuð hefur verið í samvinnu  
við framsæknustu vélaframleiðendur  
sem vilja aðeins það besta fyrir sínar  
vélar.



Söluaðil  
Prymur hf. Vélsmíðja  
Suðurgötu 9 - Ísafirði



**ENDURSKOÐUN**  
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



Gámapjónusta  
Vestfjarða ehf

**BÆTT UMHVERFI  
BETRI FRAMTÍÐ**

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)




Opið  
10-18  
alla  
virka  
daga

**Hárkompaní**

sími 456 6363

SÆRAF EHF



Aðalstræti 20, Ísafirði  
Sími: 450-6000

Tölvu og raftækjaverslun  
Tölvuviðgerðir og vírushreinsanir  
Sjónvarpsviðgerðir  
Þjónusta við skip og báta

Opið alla virka daga  
kl. 10-18

# ALLAR VÖRUR\* TAX FREE

AÐEINS FIMMTUDAG  
OG FÖSTUDAG

**LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI  
UM HELGINA**

**Húsasmiðjan og Blómaval Ísafirði**

**Opið laugardag 1. desember kl. 10 - 16**

**Opið sunnudag 2. desember kl. 12 - 16** (Timbursala lokuð)

Einnig  
TAX FREE AF  
JÓLALJÓSUM  
OG SERÍUM  
FRAM Á  
SUNNUDAG

\*GILDIR EKKI AF VÖRUM Í TIMBURSÖLU

\*GILDIR EKKI AF VÖRUM MERKTUM

„LÆGSTA LÅGA VERÐI HÚSASMIÐJUNNAR“

ENDA ER ÞAÐ LÆGSTA VERÐ SEM VIÐ BJÓÐUM Á  
HVERJUM TÍMA

  
blómaval



HÚSASMIÐJAN

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvöru.

Ad sjálfsöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

LÆGSTA  
LÅGA  
VERÐ